

## **Opið land: Staða Íslands í samfélagi þjóðanna**

**Bókarhöfundur:** Eiríkur Bergmann Einarsson

**Bókarheiti:** Opið land: Staða Íslands í samfélagi þjóðanna

**Gagnrýnandi:** Magnús Árni Magnússon M.A., M.Phil.

**Útgáfa:** Skrudda, Reykjavík 2007, 138 bls.

Farþeginn Ísland – ákall Eiríks Bergmanns um virkari þátttöku í samfélagi þjóðanna

Opið land, staða Íslands í samfélagi þjóðanna, eftir Eirík Bergmann Einarsson kom út á vegum bókaforlagsins Skrudda á vormánuðum 2007. Eiríkur er forstöðumaður Evrópufræðaseturs á Bifröst og dósent í stjórnmálafræði við félagsvísindadeild skólans. Hann hefur í á annan áratug fjallað um Evrópumál – og ekki síður þjóðmál – á opinberum vettvangi, sem pistlahöfundur í dagblöðum og tímaritum, sem álitsgjafi í fréttum, sem talsmaður Evrópusambandsins á Íslandi, (en Eiríkur er einn fárra Íslendinga sem hafa starfað fyrir það), svo og bæði sem stjórnmálamaður (Eiríkur var varaþingmaður Samfylkingarinnar kjörtímabilið 2003 – 2007) og sem fræðimaður. Opið land er fjórða bók höfundar, en fyrri bækur eru Ísland í Evrópu, Evrópuúttekt Samfylkingarinnar 2001, sem Eiríkur ritstýrði, Evrópusamruninn og Ísland, sem kom út á vegum Háskólaútgáfunnar 2003 og Glapræði, sem er skáldsaga og kom út á vegum áðurnefndrar Skrudda 2005.

Segja má að Opið land liggi á mörkum hins akademíska heims og þess pólitíska. Á meðan höfundur nýtir sér aðferðir fræðimannsins til að rökstyðja ályktanir sínar og vísar í heimildir víða máli sínu til stuðnings, fer því fjarri að um sé að ræða akademíska úttekt á þeim viðamiklu málefnum sem tekin eru til umfjöllunar í bókinni. Frekar má segja að um sé að ræða einskonar manifesto Eiríks Bergmanns Einarssonar, en Eiríkur er einn fárra fræðimanna sem hafa verið ófeimnir við að hafa stórpólitískar skoðanir á málefnum líðandi stundar og ekki farið með neinum löndum í þeim efnum. Annar fræðimaður sem í hugann kemur, þó á ólíkum ás sé er Hannes Hólmsteinn Gissurarson, sem löngum hefur látið eftir sér að dansa á mörkum stjórnmálaþóðunar og fræða.

Eiríkur er “frjálslyndur jafnaðarmaður” og Opið land ber þess mikil merki. Líkt og Churchill forðum skilgreindi hagsmunum Breta innan þriggja álíka stórra mengja; Evrópu, heimsveldisins (síðar samveldisins) og yfir Atlantshafið, skilgreinir Eiríkur þrjár meginstoðir íslenskrar utanríkisstefnu; Evrópu, Atlantshafsstoðina (tengslin við Bandaríkin og NATO) og svo samstarf við aðra heimshluta. Þær eru þó ekki jafnstórar þessar stoðir í heimsmynd Eiríks og tekur hann að sögn þær tvær fyrstnefndu til sérstakrar umfjöllunar í bókinni (þó segja megum að tæpt sé á þeirri þriðju líka, t.a.m. í kaflanum um innflytjendamál, svo og í umfjölluninni um ástandið í Mið – Austurlöndum).

Í umfjölluninni um Evrópustoðina er Eiríkur á heimavelli, enda fáir fræðimenn íslenskir sem hafa jafngóð tök á stofnanauppbyggingu og starfsemi Evrópusambandsins og hann. Eiríkur er lipur penni og á ögrandi og snarpan hátt tekst hann á við spurninguna um stöðu Íslands í hinu evrópska samhengi. Þar fjallar hann m.a. um þá áherslu sem hefur myndast á Íslandi á hið formlega fullveldi og dregur fram þversögnina sem í því virðist felast að vera aðili að samningi (EES samningnum) sem hefur víðtæk áhrif á allt lagaumhverfi landsins með takmarkaða aðild að lagasetningunni sem til kemur vegna hans og vera þar að leiðandi minna “fullvalda” en ef formlegt “fullveldisafsafal” kæmi til með Evrópusambandsaðild. Eiríkur heldur því raunar blákalat fram að Ísland sé einskonar aukaaðili að Evrópusambandinu án þess að hafa aðkomu að stofnunum þess, (bls 42). Hann veltir einnig fyrir sér framtíðinni og þá sérstaklega með tilliti til þeirrar umræðu sem undanfarið hefur mátt merkja um upptöku Evrunnar, jafnvel án Evrópusambandsaðildar, en hana telur hann vera í takt við “aukaaðildarárættu Íslendinga þegar kemur að þátttöku í Evrópusamrunanum” (bls. 47).

Eiríkur telur sig merkja í sögu lands og þjóðar átök milli þess sem hann kallar “opíngáttarmenn” og “innilokunarsinna” (bls. 17), þar sem fyrri hópurinn hafi viljað hafa erlend samskipti sem opnust og sá síðari viljað “einangra þjóðina uppi á landinu kalda.” Það er engum vafa undirorpið hvorum hópnem Eiríkur vill tilheyra og hann er svo trúr þeirri afstöðu sinni að hann er tilbúinn til að ögra helgasta tákni íslenskra þjóðar, sjálfri tungunni, þegar hann segir: “getur verið að það sé einmitt íslenskan, fremur en enskan, sem er hin raunverulega ógn við menningar- og vitsmunalíf á Íslandi?” (bls 119). Hann bætir því raunar við að hann sé alls ekki á þeirri skoðun, en ögrunin er engu að síður til staðar.

Eiríkur eyðir dágóðum hluta bókarinnar í að velta fyrir sér Bandaríkjunum og framgangi ríkisstjórnar Bush yngri í kjölfar hryðjuverkaárásanna 11. september 2001. Án þess þó að hann vitni beinlínis í bókina Anatomy of Fascism eftir Robert O. Paxton (2004), ber umfjöllun hans um Bandaríkin og

Vesturlönd í því samhengi þess vitni að hann skoði þau í ljósi kenningar hans um þróun fasisma; að þar séu þjóðfélög á villigötum og jafnvel á leiðinni að þróast inn í e.k. fasisma, sem komi ekki “í formi einkennisklæddra manna, sem þramma í takt, eða í mynd snoðrakaðra ungmenna, sem ganga öskrandi um götur” (bls. 75), heldur vinni fasisminn alltaf innan frá og klæði sig í þann búning sem falli að samfélaginu hverju sinni. Eiríkur gagnrýnir hugmyndir sem upp hafa komið um öryggisviðbúnað hér á landi, en hvetur engu að síður til þess að “þjóðir heims taki sig saman og hefji raunverulega og fjölbætta samvinnu gegn alþjóðlegum voðaverkum” (bls. 83). Það þurfi samræmt átak allra, stjórnámálanna, diplómata, leyniþjónusta, lögreglusveita og annarra, sem að málinu kunni að koma. Eiríkur lætur því miður vera að útlista nákvæmlega í hverju það átak eigi að vera fólgð, þó ljóst sé að hann telji að aðferðir pyntingafangelsa Bandaríkjamanna í Guantanamo og Abu Ghraib dugi ekki, né sú aðferð að ráðast á fjölmenn múslímaríki og hernema þau.

Eiríkur kallar eftir samlögunarstefnu þegar kemur að málefnum innflytjenda og er býsna gagnrýninn á þá þróun sem hann segir hafa átt sér stað í Danmörku í þeim efnum (og sem Íslendingar sýni þess merki að fylgja þegar fram í sækir líka). Þar hafi menn kosið að einangra innflytjendur í stað þess að vinna að öflugri samlögun þeirra að samfélaginu. Við hér á Íslandi séum að jafnaði áratug eða svo lengur að finna fyrir þeirri þróun sem á sér stað í nágrannaríkjunum og við eigum að nýta okkur það svigrúm sem það skapar til að ná betri tókum á vandanum. Áhersla á íslenskukennslu og virkar aðgerðir til að sporna gegn myndun “innflytjendagettóa” séu t.a.m. æskilegar aðgerðir. Einnig að beita “greiðslum hins borgaralega samfélags” á þann veg að hagsmunahópar og félagasamtök hafi beinan hag af því að fá innflytjendur í starfið, (bls. 107).

Hér er ekki um að ræða tæmandi umfjöllun um viðfangsefni Eiríks í bókinni, (hann tæpir m.a. á landbúnaðarmálum), en hún er að mörgu leiti spennandi innlegg í samfélagsumræðuna á Íslandi sem fleiri fræðimenn mættu taka sér til fyrirmyndar. Þó enginn þurfi að velkjast í vafa um skoðanir höfundar, þá er ljóst að hann grípur þær alls ekki úr lausu lofti og í flestum tilvikum geta þeir sem sannreyna vilja það sem Eiríkur vísar til fundið til heimildirnar og skoðað sjálfir. Það er kannski þar sem stefnumót akademíu og þjóðmálaskrifa eru hvað áhugaverðust, því of sjaldgæft er að þjóðmálaumræðan sé undirbyggð með vönduðum akademískum hætti. Þó ber ekki að skilja þessi orð mín sem svo að þarna sé um akademískan texta að ræða, því eins og áður segir er höfundur óhræddur við að mála hlutina sterkum litum á kjarngóðri íslensku í auðlesinni og nokkuð skemmtilegri bók, sem krydduð er á stundum með góðlátlegu gríni, gjarnan með vísan í æsku höfundar í Breiðholti í áttunda og níunda áratug síðustu aldar.